

Mánudaginn 9. jan. 1932.

Nr. 107/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Ísleifs Jónssonar** (Sjálfur)
 gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfylgjandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, í fasteignum verzlunar Tang & Riis í Stykkishólmi, til tryggingar kröfu Ísleifs Jónssonar verkstjóra í Stykkishólmi, á hendur firmanu Tang og Riis, að upphæð 3932 — þrjú þúsund níu hundruð þrjátíu og tvær krónur og 19 aurar, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu eignum til lúkningar skuldarupphæðinni, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá $\frac{1}{3}$ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 403 — fjögur hundruð og þrjár — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var aftur tekið fyrir, var ekki mætt af hálfu stefnda. Málið hefir því verið skriflega flutt samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 3932,19

auka vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum 28. maí f. á., í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og fjárnámi, sem gert var 25. júní s. á. í fógetarétti sömu sýslu í fasteign firmans Tang & Riis í Stykkishólmi, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við framannefndar dómsathafnir að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja áðurnefndum dómsathöfnum, sem hann og gerði, enda þótt hann félli frá þeirri áfrýjun síðar, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málsskots síns, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Ísleifs Jónssonar, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 11. þ. m., er risið út af skuld firmans Tang & Riis við Ísleif Jónsson, verkstjóra í Stykkishólmi. Hefir stefnandi 11. þ. m. kyrrsett fasteignir verzlunar Tang & Riis í Stykkishólmi, til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrr-

setningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinnar umstefndu skuld að upphæð kr. 3932,19, ásamt 6% ársvöxtum frá $\frac{1}{3}$ 1932 til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess, að sér verði tildæmdar kr. 403,00 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum og hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum 403 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 9. janúar 1932.

Nr. 108/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis

(Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfarandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, sem gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í fasteignum og útistandandi skuldum verzlunar Tang & Riis á Sandi, til tryggingar vixilkröfu hans á hendur firmanu Tang & Riis, að upphæð 15000 — fimmtán þúsund — krónur, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu eignum til lúkningar vixilsskuldinni ásamt 6% ársvöxtum af henni frá $\frac{10}{3}$ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 50 — fimmtíu — krónur í innheimtuþóknun og 734 — sjö hundruð þrjátíu og fjórar — krónur og 50 auru í málskostnað.